

Reglugerð um aukið öryggi á sundstöðum.

Börnum yngri en tíu ára verður óheimilt að fara í sund nema í fylgd með syndum einstaklingi sem er fimmtán ára eða eldri. Einnig verður gerð ríkari krafa til starfsfólks sundstaða. Þannig verður eigendum sundlauga gert skylt að sjá til þess að starfsfólk fái starfsþjálfun eigi sjaldnar en árlega, þar með talin þjálfun í sérhæfðri skyndihjálp. Starfsmenn sem sinna laugargæslu, sundkennarar og sundþjálfarar verðaað hafa náð átján ára aldri og standast hæfnispróf til að fá að sinna sínum störfum. Barnahópar skulu vera sérstaklega auðkenndir til að auðvelda ábyrgðarmanni hópa að fylgjast með hverju barni og þá mega sundkennarar, sundþjálfarar og leiðbeinendur ekki víkja frá laug fyrr en allir nemendur yngri en fimmtán ára eru farnir í búningsklefa.

Reglugerðin byggir á lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir og tekur gildi 1. janúar 2011. Hún gildir um alla sund- og baðstaði sem almenningur hefur aðgang að, baðstofur og setlaugar en nær ekki til sundlauga og setlauga sem eingöngu eru ætlaðar til einkanota.